

**Fundargerð 2. fundar ferðamálaráðs sem var skipað 2022**  
**Fundur haldinn í menningar- og viðskiptaráðuneyti, 27. september 2022, kl. 14:30**

**Dagskrá:**

1. Vefsvæði ferðamálaráðs og samráð.
2. Hlutverk og helstu verkefni ferðamálaráðs.  
Stefnumótun og aðgerðaráætlun.
3. Önnur mál.

**Mætt:** Sigrún Elsa Smáradóttir formaður (tilnefnd af MVF), Sigtryggur Magnason (IRN), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (SÍS), Sigrún Brynja Einarsdóttir (MVF) og Skarphéðinn Berg Steinarsson (FMS).

**Í fjarfundi:** Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (tilnefnd af FJR, vék af fundi 15:00), Arnheiður Jóhannsdóttir varaformaður (tilnefnd af MVF), Jóhannes Þór Skúlason (SAF).

**Gestir:** Halldór Arinbjarnarson, upplýsingastjóri Ferðamálastofu (vék af fundi 14:50), Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra og Jóhanna, aðstoðarmaður ráðherra (komu inn á fund 14:50).

**Höfðu boðað forföll:** Bjarnheiður Hallsdóttir (SAF) og Páll S. Brynjarsson (tilnefndur af SAF).

**Umræður og afgreiðsla:**

**1. Vefsvæði ferðamálaráðs og samráð.**

- a. Halldór sýndi síðu ferðamálaráðs á nýjum vef Ferðamálastofu sem fer fljótlega í birtingu. Kallaði eftir hugmyndum um hvað ætti að vera á síðunni. Rætt um að setja þar inn hvað ráðið er að fjalla um og hvaða málum er forgangsraðað.

**2. Hlutverk og helstu verkefni ráðsins.**

**Stefnumótun og aðgerðaráætlun.**

- a. Ráðherra kynnti drög að erindisbréfi sem var dreift á meðal fundarmanna. Ráðherra óskaði eftir því að ráðið fjallaði um áhrif ferðapjónustu á efnahag, menningartengda ferðapjónustu og gæðamál. Auk þess er gert ráð fyrir aðkomu ráðsins að gerð aðgerðaráætlunar tengdri stefnumótun í ferðapjónustu. Ráðherra óskaði eftir því að ráðið mótaði eigin stefnu út frá þessari línu og beindi því til formanns að setja niður starfsáætlun og boða fundi ráðsins út veturinn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

Fundargerð ritaði Guðný Hrafnkelsdóttir (FMS).